

Til þess er málið varðar hjá Rarik Ohf,

Ég vil hér með koma á framfæri óánægju umhverfis- og skipulagsnefndar Fjallabyggðar með nýja spennistöð sem hefur verið byggð að Snorragötu 4a.

Í fyrsta lagi, þá er útlit spennistöðvarinnar mjög áberandi og fellur illa að umhverfinu. Nefndin telur að útlit mannvirkja sé mikilvægt fyrir heildarsamræmi og ásýnd umhverfisins. Miklu hefur verið til kostað við að aðlaga nýtt hótél að eldra yfirbragði svæðisins, og sama er því miður ekki hægt að segja um nýja spennistöð. Það er miður að ekki hafi verið betur hugað að útlitspáttum byggingarinnar. Við biðjum ykkur vinsamlegast að íhuga hvort einhverjar leiðir séu til að bæta útlit spennistöðvarinnar.

Í öðru lagi, þá er nefndin einnig ósátt við að tilkynning um framkvæmdina barst of seint. Þetta gaf henni litla sem enga möguleika til að koma á framfæri skoðunum þessum eða hafa áhrif á framkvæmdina áður en henni var lokið. Þetta er óásættanlegt og við óskum þess að ferlið við að tilkynna um framkvæmdir verði bætt til muna í framtíðinni svo rétt gögn berist tímalega.

Nefndin vonar að þið getið skoðað þessi mál og tekið tillit til þessarar ábendingar. Einnig óskum við eftir upplýsingum um hvaða ferli voru viðhöfð við hönnun og uppsetningu spennistöðvarinnar og hvort byggingarfulltrúi sveitafélagsins hafi fengið aðkomu að því ferli.

Með fyrirfram þökk,

Fyrir hönd skipulagsnefndar,
Arnar Þór Stefánsson, formaður.



